

Kennari:
Haukur Hilmarsson

Kennslufyrirkomulag:
Verklegt nám í smiðjutvennd

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
8. bekkur

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

Hönnun og smíði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Hönnun, smíði og samsetning	Efni af vef Ýmsar handbækur og blöð	<ul style="list-style-type: none"> – alið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra – unnið sjálfstætt eftir Verkáætlun og vinnuteikningum, útbúið efnislista og reiknað kostnað – beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar – unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði og fylgt fyrirmælum – sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði 	<p>Sýnikennsla í hópi</p> <p>Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu</p> <p>Sköpunarþörf og sjálfstæði</p> <p>nemandans fá að njóta sín</p>
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		